

Miðvikudaginn 23. apríl 1997.

Nr. 5/1997.

**Vinnuveitendasamband Íslands**

(Kristján Þorbergsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands vegna**

**Verkamannasambands Íslands**

**fyrir hönd Verkalýðs- og sjómannafélags**

**Sandgerðis**

(Björn Bergsson hdl.)

Ólögmætt verkfall. Sératkvæði.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta var þingfest 17. apríl sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, vegna Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, f.h. Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, kt. 490272-3059, Tjarnargötu 8, Sandgerði.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að verkfall það, sem Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis hefur með bréfi dags. 24. mars 1997, sem barst stefnanda 25. mars sl., boðað gagnvart fyrirtækjum innan Vinnuveitendasambands Íslands frá og með 2. apríl 1997, en með bréfi dags. 25. mars 1997 frestað til 24. apríl 1997 og með bréfi dags. 18. apríl 1997 enn frestað til 29. apríl 1997, sé ólögmætt. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins og að til-  
lit verði tekið til virðisaukaskatts af hinum dæmda málskostnaði.

*Málsatvik.*

Málsatvik eru þau að síðastgildandi samningur Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis og Vinnuveitendasambands Íslands féll úr gildi sl. áramót, en félagið er eitt aðildarfélag Verkamannasam-

bands Íslands. Samninganefnd Verkamannasambands Íslands fer sameiginlega með samningsumboð og annast samningsgerð þessa aðildarfélags í kjaramálum.

Undirbúningur að gerð nýs kjarasamnings fór af stað á sl. hausti og var samkomulag undirritað 18. október 1996 um viðræðuáætlun vegna endurnýjunar kjarasamninga milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands, sem yrðu lausir um áramótin.

Kjaradeila Verkamannasambandsins við Vinnuveitendasambandið var til meðferðar hjá ríkissáttasemjara. Þeirri meðferð lauk þann 24. mars 1997 með undirritun kjarasamnings aðila, sem gilda átti til 15. febrúar árið 2000.

Samningurinn skyldi afgreiddur hjá hverju aðildarfélagi Verkamannasambandsins samkvæmt sérstöku samkomulagi dags. sama dag. Samkvæmt því skyldi atkvæðagreiðslum aðila lokið eigi síðar en 14. apríl 1997 og atkvæði talin og úrslit birt fyrir kl. 16:00 þann 15. apríl 1997. Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis felldi samninginn. Með hinu sérstaka samkomulagi, sem gert var um afgreiðslu samninganna þann 24. mars sl., var jafnframt kveðið á um að yfirstandandi og boðaðar verkfallsaðgerðir hlutaðeigandi félaga frestuðust til kl. 24:00 miðvikudaginn 23. apríl 1997, en koma þá til framkvæmda yrði samningurinn felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu félagsmanna.

Pegar kjarasamningurinn var undirritaður hafði Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis ekki boðað verkfall. Félagið hóf hins vegar undirbúning að verkfallsboðun og með bréfi dagsettu 24. mars 1997, sem barst stefnanda daginn eftir, boðaði félagið verkfall gagnvart fyrirtækjum innan Vinnuveitendasambands Íslands sem koma átti til framkvæmda kl. 00:00 miðvikudaginn 2. apríl 1997. Með öðru bréfi dags. 25. mars 1997, sem stefnanda barst þann 26. s.m., var verkfallinu frestað. Í bréfi þessu segir:

„Samninganefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis tilkynnir frestun á ótímabundinni vinnustöðvun sem hefjast átti þann 2. apríl 1997 kl 00:00, með hliðsjón af því að kjarasamningar hafa verið gerðir, og í samræmi við niðurstöðu þeirra, hefur félagið ákveðið að fresta áður boðaðri vinnustöðvun til kl. 00:00 þann 24. apríl 1997 og kemur verkfallið þá til framkvæmda, hafi samningur ekki verið samþykktur.“

Með bréfi dags. 26. mars 1997 mótmælti stefnandi lögmati hins boðaða verkfalls og óskaði eftir því að boðun þess yrði afturkölluð svo komast mætti hjá réttarágreiningi.

Með bréfi dags. 18. apríl var enn ákveðið að fresta boðuðu verkfalli félagsins til kl. 24.00 þann 29. apríl 1997.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum að þar sem við undirskrift kjarasamnings sé kominn á gildur, en skilyrtur kjarasamningur, sé kjaradeila sú sem vísað hafi verið til sáttameðferðar útkljáð og þar af leiðandi engin óumsamin kröfugerð uppi, sem gefi tilefni eða heimild til að knýja á um gerð samnings með boðun verkfalls. Í því felist að engin vinnudeila sé uppi, henni sé lokið. Eftir að kjarasamningur hafi verið undirritaður verði verkfall ekki hafið svo löglegt sé.

Verkfalli sem staðið hafi fram að undirritun ljúki við undirritun. Ólöglegt væri að viðhalda því fram yfir undirritun samnings. Við undirritun samnings komist á friðarskylda og óumdeilt sé að á friðarskyldutíma verði verkfalli ekki haldið uppi. Gildi það hvort sem það eigi að hefjast á friðarskyldutímabili eða standi fram að því að friðarskyldan kemst á.

Af þeirri staðreynd að verkfall verði ekki boðað til framkvæmdar á friðarskyldutíma leiði að því sem ekki sé hægt löglega að hefja sé ekki löglega hægt að fresta. Það hefði verið ólöglegt að hefja verkfall 2. apríl 1997 svo sem undirbúningur verkfalls Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis hafi miðast við. Úr því að upphaf verkfalls þá hefði verið ólöglegt sé það jafn ólöglegt þann 29. apríl 1997 því að það sé boðað til að hefjast á friðarskyldutímabili.

Í þeim efnum geti engu breytt þótt gildi hins nýja kjarasamnings til frambúðar hafi verið bundið því skilyrði að hann yrði samþykktur í almennri atkvæðagreiðslu félagsmanna því að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996, sé gildur kjarasamningur kominn á þegar hann hafi verið undirritaður og gildi hann þá frá undirskriftardegi sé ekki annan veg samið eða hann felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu. Þótt gildistakan sé þannig í reynd skilyrt telur stefnandi að undirritun kjarasamnings marki þau tímamót að friðarskylda komist á.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996, sé ekki gert ráð fyrir að samningar séu undirritaðir með

fyrirvara, enda hafi það ekki verið gert þann 24. mars sl. Ekki sé skylt að bera samninginn undir atkvæði félagsmanna. Sé það ekki gert innan fjögurra vikna frá undirritun sé gildi samningsins til frambúðar tryggt. Friðarskyldan á tímabilinu frá undirskrift fram að niðurstöðu atkvæðagreiðslu eða þess að fjórar vikur líða verði augljós af þeirri staðreynd að þá verði gildi hans frá undirskriftardegi endanlegt. Verkföll á tímabili þessu væru verkföll á gildistíma kjarasamnings sem séu ólögleg. Ef þau fengju að hefjast á þessu tímabili þá kæmi í ljós við niðurstöðu atkvæðagreiðslu eða fjórum vikum frá undirskrift að ólöglegt verkfall hefði staðið. Slíkt fái engan veginn staðist og því sé ólöglegt að boða verkfall til framkvæmda á þessu tímabili. Áréttu beri því að það sem ólöglegt sé að hefja verði ekki gert löglegt með frestun.

Þar sem samningurinn hafi verið felldur verði lögmætt verkfall ekki boðað í framhaldi slíkrar niðurstöðu, nema að undangengnum samningaviðræðum eða viðræðutilraunum um framlagðar kröfur sem reynst hafi árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara, þ.e. í kjölfar þess að samningurinn var felldur. Telur stefnandi þetta leiða af 2. ml. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 svo sem henni var breytt með lögum nr. 75/1996. Í öllu falli sé ljóst að nýja ákvörðun þurfi til, þ.e. atkvæðagreiðsla þurfi að fara öðru sinni fram.

Hitt sé annað að Vinnuveitendasambandið hafi samið um það við þau félög sem boðað höfðu eða hafið verkfall fyrir undirritun kjarasamnings að þau frestuðust. Í þeim hópi hafi hins vegar Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis ekki verið og þessi þáttur samkomulagsins því ekki tekið til þess félags.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi byggir á því að friðarskylda samkvæmt vinnurétti hafi ekki komist á í kjaradeilu málsaðila. Kjaradeilunni hafi ekki verið ráðið til lykta.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 taki kjarasamningur gildi á undirskriftardegi, nema annað tveggja komi til: Samið sé um annað eða kjarasamningurinn sé felldur í atkvæðagreiðslu.

Kjarasamningur sem hér um ræðir hafi ekki tekið gildi vegna beggja þessara skilyrða. Sérstaklega hafi verið samið um annað, sbr. 21. gr. samningsins og sérstakt samkomulag um afgreiðslu kjarasamninga. Þá hafi kjarasamningurinn verið felldur.

Það sé alveg ljóst að kjarasamningurinn hafi aldrei tekið gildi þar

sem hann hafi verið felldur í atkvæðagreiðslu félagsmanna, en auk þess að styðjast við lagaheimildina í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 hafi sérstaklega verið um það samið að gildistaka kjarasamningsins væri háð atkvæðagreiðslu beggja samningsaðila um samninginn. Í hinu sérstaka samkomulagi aðila hafi falist gagnkvæm heimild aðila samningsins til að bera hann undir atkvæði. Það sé þannig ekki fyrr en að afloknum þeim atkvæðagreiðslum sem friðarskyldan hefði komist á, þ.e. 15. apríl, ef samningurinn hefði verið samþykktur.

Stefnanda hafi verið þetta jafnljóst og stefnda, enda hafi hann sjálfur látið atkvæðagreiðslur fara fram á meðal félagsmanna sinna og tilkynnt úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu til ríkissáttasemjara, raunar degi of seint eða þann 16. apríl.

Í annan stað sé það rangt að ólöglegt hafi verið að hefja verkfall 2. apríl. Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 sé m.a. skýrt kveðið á um að í tillögu um verkfallsboðun, sem skylt sé að bera undir atkvæði félagsmanna, verði að koma fram hvenær vinnustöðvuninni sé atlað að koma til framkvæmda. Þegar stefndi hafi efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sinna um vinnustöðvun, miðað við 2. apríl, höfðu staðið yfir árangurslausar kjaraviðræður við stefnanda frá 5. nóvember 1996, þar af með fulltingi ríkissáttasemjara frá 15. janúar 1997. Þannig hafi ekki annað legið fyrir en að knýja þyrfti fram samning með verkfalli. Úr þrætunni hafi hins vegar greiðst svo að viðunandi var að mati samninganefndar Verkamannasambandsins, sem farið hafi með samningsumboð stefnda þann 24. mars 1997, og hafi því verið ritað undir kjarasamninginn með þeim fyrirvara að hann yrði lagður í dóm félagsmanna. Sá fyrirvari hafi verið öllum ljós og sé enginn ágreiningur um hann með aðilum, sbr. 21. gr. kjarasamningsins og samkomulagið um afgreiðslu kjarasamninganna. Áréttað er að skilyrði 15. gr. laga nr. 80/1938 til að hefja verkfall fjalli um það tímamark þegar atkvæðagreiðsla um tillögu að verkfallsboðun fari fram, þ.e. hvað þurfi til að koma svo unnt sé að láta greiða atkvæði um verkfallsboðun.

Í ljós hafi komið skömmu eftir undirritun kjarasamningsins að tillaga um verkfallsboðun hafði verið samþykkt af félagsmönnum. Hafi það leitt til tilkynningarinnar um verkfallsboðun. Með þeirri tilkynningu sinni hafi stefndi einungis verið að tilkynna um afstöðu félagsmanna sinna jafnframt því sem hann beitti heimild samkvæmt 4. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 til að fresta framkvæmd verkfallsins

meðan beðið væri afstöðu félagsmanna til gildis kjarasamningsins. Sú frestun hafi í eðli sínu verið aflýsing og boðun annars verkfalls síðar ef kjarasamningurinn yrði felldur. Framganga stefnda sé þannig nákvæmlega eftir bókstaf laganna og að fullu og öllu í samræmi við lög nr. 80/1938.

Þá er því mótmælt sem röngu að skylt hafi verið, ef verkfall hefði verið hafið, að fella það niður við undirritun samnings eins og stefnandi heldur fram. Málaltilbúnaður stefnanda hvað þetta snertir sé í andstöðu við sannleikann og við hans eigin skilning, sbr. samkomulagið um afgreiðslu kjarasamninganna. Engin þörf hefði verið á undirritun þess samkomulags, ef þessi síðar tilkomna afstaða stefnanda væri rétt.

Peirri málsástæðu stefnanda að óheimilt sé að hefja verkfall 29. apríl 1997 þar sem sá dagur sé á „friðarskyldutímabili“ er mótmælt sem fráleitri. Sú túlkun stefnanda sem í þessu felist að óheimilt sé vegna undirritunar kjarasamningsins að boða til verkfalls fyrr en að ætluðum gildistíma þess samnings liðnum, þ.e. eftir 15. febrúar árið 2000, sé fjarri öllu lagi í ljósi þess að samningurinn var felldur.

Túlkun stefnanda á réttaráhrifum þess að kjarasamningur aðila hefur verið felldur sé beinlínis fráleit, þ.e. að byrja þurfi samningaferlið aftur frá upphafsreit. Samningsaðilar hafi setið að samningum í 5 mánuði og m.a. ritað undir kjarasamning sem síðan hafi ekki hlotið náð fyrir augum félagsmanna. Þessar staðreyndir feli tvímælalaust í sér samningatilaunir sem ekki hafi borið árangur í skilningi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Að félagsmenn hefðu þurft að ganga til atkvæða um verkfallsboðun á ný, þ.e. þriðju kosningu félagsmanna á tæpum mánuði, sé enn fráleitara. Vart ætti að leika minnsti vafi á afstöðu félagsmanna til málsins sem fyrst hafi greitt verkfallsboðun atkvæði sitt og fellt síðan kjarasamning í öðrum kosningum í beinu framhaldi.

Loks sé það beinlínis rangt að greint samkomulag gildi ekki fyrir stefnda. Það sé undirritað af formanni Verkamannasambandsins. Stefndi sé aðildarfélag Verkamannasambandsins. Það að atkvæðagreiðsla um tillögu um verkfallsboðun standi yfir sé tvímælalaust verkfallsaðgerð í skilningi samkomulagsins.

Að síðustu er lögð áhersla á að framganga stefnda sé að fullu og öllu í samræmi við lög nr. 80/1938 eins og þeim var breytt með lögum nr. 75/1996. Kröfugerð stefnanda á hinn bóginn í máli þessu

stríði gegn þeim markmiðum sem lagabreytingunni var ætlað að stuðla að, þ.e. markvissari vinnubrögðum við úrlausn kjaradeilu. Ef skilningur stefnanda fær brautargengi þá hafi það þá afleiðingu að stefndi muni eftirleiðis ekki rita undir kjarasamning, jafnvel þótt fullt samkomulag hafi náðst við stefnanda, á meðan niðurstaða úr kosningu um verkfallsboðun lægi ekki fyrir. Þá gæti það einnig haft í för með sér að stefndi myndi dæma viðræður árangurslausar og slíta þeim á fyrri stigum og efna til kosninga um verkfallsboðun. Hætt sé við að síðari kosturinn myndi ekki vera til þess fallinn að leysa kjaradeilur farsællega án þess að til verkfalls kæmi.

Krafa stefnda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn á að fá álag er honum nemur dæmt úr hendi gagnaðila.

#### *Niðurstaða.*

Þegar boðun vinnustöðvunarinnar barst stefnanda 25. mars sl. stóð svo á að undirritaður hafði verið kjarasamningur milli málsaðila þann 24. s.m. eins og rakið hefur verið. Samningurinn var felldur af hálfu stefnda með atkvæðagreiðslu sem tilkynnt var stefnanda með bréfi dags. 15. apríl sl. Í máli þessu er tekist á um það hvort lögmætt hafi verið að boða vinnustöðvun með þeim hætti sem gert var.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996 um breyting á þeim lögum með síðari breytingum, er fjallað um umboð og heimildir samninganefndar eða fyrirsvarsmanns við gerð kjarasamnings, þ. á m. til undirritunar hans. Óumdeilt er að samninganefnd Verkamannasambands Íslands var bær til undirritunar kjarasamningsins frá 24. mars 1997.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum heimilt að gera verkföll og verkbönn m.a. í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum.

Óumdeilt er að ákvörðun um þá vinnustöðvun, sem í málinu greinir, var tekin með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996. Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, er það skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar að samningaviðræður eða

viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara.

Með undirskrift kjarasamningsins 24. mars sl. lauk vinnudeilu málsaðila a.m.k. um stundarsakir, enda hafði þá náðst samkomulag um kröfur aðila, hvað sem síðar yrði, færi svo að samningurinn yrði felldur, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 75/1996. Þar sem svo stóð á verður ekki talið að skilyrði 14. gr. laga nr. 80/1938 til að gera verkfall hafi verið uppfyllt, enda er verkfallsheimildin, eins og fyrr segir, bundin þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilum. Þá verður ekki talið að framangreint skilyrði lögmætrar ákvörðunar um boðun vinnustöðvunar samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1996, hafi verið uppfyllt, enda geta samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur ekki talist árangurslausar þegar til þess bær samninganefnd hefur ritað undir kjarasamning.

Með vísan til framanritaðs ber að fallast á það með stefnanda að hið umdeilda verkfall sé ólögmætt.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Verkfall stefnda, Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis, sem boðað var með bréfi dags. 24. mars 1997 og barst stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, 25. s.m. og hefjast skal kl. 24.00 þann 29. apríl 1997, er ólögmætt.

Málskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i Gunnars Sæmundssonar.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 er að finna þá meginreglu að stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum er heimilt að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum samkvæmt þeim lögum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum sem sett eru í lögum. Slík skilyrði og takmarkanir er m.a. að finna í 15.-17. gr. laganna. Jafnframt takmarkast heimildin af reglum um skuldbindingargildi samninga. Eftir að bindandi kjarasamningur



hefur komist á verður verkfalli eða verkþanni ekki beitt til að knýja á um breytingar á honum meðan hann er í gildi.

Af málflutningi aðila í máli þessu er ljóst að þá greinir fyrst og fremst á um það, hvort um friðarskyldu sé að ræða á tímabili því sem líður frá því að samninganefndir undirrita kjarasamning og þar til ljóst er hvort hann hefur verið felldur við atkvæðagreiðslu skv. 5. gr. laga nr. 80/1938, innan fjögurra vikna frá undirritun samninganefndanna.

Aðilar eru sammála um að kjarasamningur sem felldur er við atkvæðagreiðslu sem fram fer í samræmi við 5. gr. laga nr. 80/1938 hefur engin réttaráhrif. Það er því fyrst hægt að tala um að kjarasamningur hafi komist á milli aðila vinnudeilu þegar fyrir liggur að hann hefur ekki verið felldur með lögmæltum hætti og breytir það ekki þeirri niðurstöðu þótt honum sé ætlað að hafa afturvirk áhrif. Á umræddu tímabili er því ekki í gildi kjarasamningur milli deiluaðila.

Ákvörðun um boðun vinnustöðvunar skv. 15. gr. laga nr. 80/1938 er nokkuð umfangsmikið ferli. Ákvörðun um hana þarf að taka við almenna leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna eða leynilega póstatkvæðagreiðslu og í tillögu um hana þarf m.a. að koma fram hvenær hún skuli hefjast. Af því leiðir að geti hún ekki hafist á þeim tíma, t.d. vegna þess að friðarskylda standi því í vegi, verður verkfalli eða verkþanni ekki beitt nema allt ferlið sé fyrst endurtekið. Heimildarlaust verður að telja að skýra lög nr. 80/1938 svo, að einstökum ákvæðum þeirra sé ætlað að tefja eða koma í veg fyrir framkvæmd lýðræðislega tekinna ákvarðana.

Í samkomulagi um afgreiðslu kjarasamninga VMSÍ, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar, Samiðnar og Landssambands íslenskra verslunarmana sem gert var í sambandi við undirritun kjarasamnings þess sem stefndi felldi og undirritaður var 24. mars sl., er svo mælt fyrir að með því frestist yfirstandandi og boðaðar verkfallsaðgerðir hlutaðeigandi félaga til kl. 24:00 miðvikudaginn 23. apríl 1997 og komi það til framkvæmda hafi samningurinn verið felldur í leynilegri atkvæðagreiðslu félagsmanna. Hefði það verið skilningur málsaðilanna Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands á þeim tíma að friðarskylda ríkti frá undirritun samningsins hefði borið að fella

verkföll þau sem þá voru komin til framkvæmda niður frá því tíma-  
marki.

Hefði það verið ætlun löggjafans að færa út mörk friðarskyldunnar með lögum nr. 75/1996 sem breyttu lögum nr. 80/1938 frá því sem verið hafði þurft slíkt að koma skýrt fram í lögnum. Um það er ekki að ræða.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið tel ég að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, kr. 70.000.

---